



**STARFSSKÝRSLA
SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS**

**MILLI AÐALFUNDA Í
Í GARÐABÆ 2013
OG Á AKRANESI 2014**

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	1
UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI	2
EFTIRFYLGNI VIÐ ÁLYKTANIR 78. AÐALFUNDAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	3
ÚTGÁFUMÁL	4
SKÓGRÆKTARRITID	4
LAUFBLAÐID	4
FRÆKORNID	4
TÆKIFÆRISKORT	5
FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA	5
HEIMASÍÐA	5
FRÆÐSLUSTARF	5
HEIMSÓKNIR TIL SKÓGRÆKTARFÉLAGA	5
FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR	5
FAGRÁÐSTEFNA SKÓGARGEIRANS	5
SKÓGRÆKTARSVÆÐI	6
BRYNJUDALUR Í HVALFIRÐI	6
ÚLFLJÓTSVATN	6
UMSJÓN	6
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR	6
KOLVIÐUR	7
OPINN SKÓGUR	7
VINASKÓGUR Á ÞINGVÖLLUM	7
TRÉ ÁRSINS 2013	7
YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS	7
SKÓGRÆKTARSJÓÐUR HÚNAVATNSSÝSLU	8
SKÓGRÆKTARSTARF LANDSVIRKJUNAR VIÐ BÚRFELL	8
ERLEND SAMSKIPTI	8
EUROPEAN FOREST NETWORK	8
FRÆÐSLUFERÐIR	8
HEIMSÓKNIR	9
ÝMIS VERKEFNI	9
SAMSTARFSADILAR	9
LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR	9
FAGRÁÐ SKÓGRÆKTAR	9
UMSAGNIR	10
SJÁLFBODALIÐAR	10
STUÐNINGSAÐILAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	11

Ljósmyndir í skýrslu:

Brynjólfur Jónsson, Einar Gunnarsson, Ragnhildur Freysteinsdóttir.

Reykjavík, 8. ágúst 2013

INNGANGUR

78. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Garðabæ dagana 23.-25. ágúst 2013.

Fundinn sóttu á annað hundrað fulltrúar skógræktarfélaganna og gestir, alls staðar af landinu, en gestgjafi var Skógræktarfélag Garðabæjar.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Magnús fór stuttlega yfir starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi og minntist félagi og velunnara félagsins sem fallið höfðu frá.



Vigdís Finnbogadóttir gróðursetur 20 milljónustu plöntuna innan Landgræðsluskógaverkefnisins á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í Garðabæ 2013 (Mynd: BJ).

Aðrir á mælendaskrá voru Erla Bil Bjarnadóttir, formaður Skógræktarfélags Garðabæjar, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar og Jón Loftsson skógræktarstjóri.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn fimm tillögur að ályktunum og eina breytingu á skipulagsskrá Landgræðslusjóðs. Tveimur ályktunum var vísað til stjórnar. Þeim skógræktarfélagum, sem áttu tugaafmæli á árinu 2013 voru færðar árnaðaróskir og voru fulltrúar frá tveimur félagum, Skógræktarfélagi S-Pingeyinga og Skógræktarfélagi Rangæinga, sem tóku við þeim fyrir hönd síns félags.

Farið var í tvær skoðunarferðir á vegum Skógræktarfélags Garðabæjar. Á föstudeginum var byrjað á því að heimsækja Náttúrufræðistofnun Íslands, en þaðan var haldið að Grænagarði í Garðaholti. Síðan lá leiðin í Vífilstaðahlíð, þar sem Þróstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur og Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, undirrituðu þjónustusamning um Garðabæjarhluta Heiðmerkur. Á laugardeginum var svo farið í skoðunarferð um skógræktarsvæðin í Garðabæ. Byrjað var í Smalaholti þar sem Vigdís Finnbogadóttir gróðursetti 20 milljónustu plöntuna innan Landgræðsluskógaverkefnisins. Frá Smalaholti var svo gengið yfir að Sandahlíð.

STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum voru Aðalsteinn Sigurgeirsson og Páll Ingþór Kristinsson endurkosnir í stjórn Skógræktarfélags Íslands. Varamenn voru kosin Sigríður Heiðmundsdóttir, Sigríður Júlfa Brynleifsdóttir og Kristinn H. Þorsteinsson. Sem skoðunarmenn reikninga voru kosnir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Magnús Gunnarsson formaður, Sigrún Stefánsdóttir varaformaður, Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri, Þuríður Yngvadóttir ritari, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Gísli Eiríksson og Páll Ingþór Kristinsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt tíu fundi á tímabilinu. Eins og verið hefur voru varamenn og skógræktarstjóri boðaðir á alla stjórnarfundum Skógræktarfélags Íslands.

Hjá félaginu störfuðu fjórir fastráðnir starfsmenn: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Gunnarsson skógræktarfræðingur, Hrefna Einarisdóttir skrifstofustjóri og Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.



Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands, fast- og lausráðið. F.v. Brynjólfur Jónsson, Einar Gunnarsson, Hrefna Einarsdóttir, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Einar Örn Jónsson, Gabriel Pic og Jón Ásgeir Jónsson (Myndir: RF & BJ).

Lausráðnir starfsmenn hjá félaginu á tímabilinu voru: Jón Ásgeir Jónsson, sem vann að sérverkefnum, Einar Örn Jónsson, sem vann að útgáfu og öðrum sérverkefnum og Gabriel Pic, sem vann með sjálfbóðaliða, auk annarra sérverkefna.

Stjórn félagsins og starfsmenn leitast eins og verið hefur eftir megni að styrkja starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum og hefur eftir föngum fylgst með starfsemi félaganna eins og nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni.

UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

	2013	2012
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	33.172.175	30.796.090
Rekstrargjöld	32.362.388	37.797.048
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	809.787	(7.000.958)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.476.978)	2.173.100
Hagnaður (tap) ársins	(1.667.191)	(4.827.858)
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Fastafjármunir	182.308.887	199.387.777
Veltufjármunir	33.328.856	54.361.909
Eignir samtals	215.637.743	253.749.686
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	113.558.904	115.226.095
Skammtímaskuldir	35.610.089	138.523.591
Eigið fé og skuldir samtals	215.637.743	253.749.686
Eignir í bundnum sjóðum	91.904.448	79.159.434

EFTIRFYLGNI VIÐ ÁLYKTANIR 78. AÐALFUNDAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Ályktunum aðalfundarins í Garðabæ hefur verið fylgt eftir af stjórn svo sem hér segir:

Ályktun 1:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Garðabæ 23. - 25. ágúst 2013, skorar á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og innanríkisráðuneytið að halda áfram framkvæmd og fjármögnun gerð Græna stígsins ofan höfuðborgarsvæðisins allt frá Esjuhlíðum í norðri til Undirhlíða í suðri.



Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands og stjórnarmenn í Skógræktarfélagi Akraness gróðursetja plöntur sem Skógræktarfélag Íslands færði félaginu á Akranesi að gjöf í tilefni afmælis þess (Mynd: RF).

Ályktunin var send á öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem sent var afrit til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, innanríkisráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Einnig var haldinn fundur með tæknifræðingum frá Vegagerðinni, forsvarsmönnum í Mosfellsbæ og Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar þar sem dregin var saman reynsla vegna lagningu stígs frá Mosfellsbæ um Hamrahlíð til Reykjavíkur. Þá var einnig sent sérstakt erindi til Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins þar sem hvatt var til þess að Græni stígurinn verði hluti af áformum svæðisskipulagsins. Segja má að þetta hafi gengið eftir.



Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands á námskeiði hjá Else Möller um ræktun jólatrjáa (Mynd: RF).

Ályktun 2:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Garðabæ 23.-25. ágúst 2013, fagnar stefnuyfirlýsingu um skógrækt á 21. öldinni gefinni út í febrúar á þessu ári og hvetur nýja ríkisstjórn til að efla skógarauðlindina á Íslandi.

Með því móti er hægt að ná fram ýmsum markmiðum sem ríkisstjórnin stefnir að, meðal annars auka atvinnutækifæri um land allt, efla verðmætasköpun, stuðla að nýsköpun og hlúa að vaxandi atvinnustarfsemi sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi.

Ályktunin var send á forsætisráðuneytið auk helstu fjölmiðla eins og aðrar ályktanir.

Ályktun 3:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Garðabæ 23.-25. ágúst 2013, fagnar stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar um eflingu skógræktar og landgræðslu og viðurkenningu hennar á mikilvægi frjálsra félagasamtaka og sjálfbodastarfs. Skógræktarfélag Íslands og skógræktarhreyfingin eru reiðubúin að vinna að ofangreindum málafnum með ríkisstjórninni.

Ályktunin var send á forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Ályktun 4:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Garðabæ 23.-25. ágúst 2013, hvetur Vegagerð ríkisins til að skoða möguleika þess og kosti að rækta skjólbelti til umferðaröryggis við þjóðvegi landsins. Skógræktarfélag Íslands er tilbúið til að veita faglega ráðgjöf varðandi skipulag og ræktun slíkra skjólbelta.

Ályktunin var rædd í stjórn félagsins og talið að vanda þurfi og skipuleggja vel framkvæmdir skjólbeltaræktunar við þjóðvegi. Að baki þurfi að liggja góðar ástæður. Nauðsynlegt er að kanna viðhorfs almennings. Kanna þarf hvort hægt sé að efna til sérstaks málþings um slíka ræktun.



Unnið að stefnumótun fyrir Úlfjótuvatn (Mynd: RF).

Ályktun 5:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Garðabæ 23. - 25. ágúst 2013, beinir því til stjórnvalda að sett verði ný skógræktarlög hið fyrsta. Mikilvægt er að í lögunum verði ákvæði um að skógræktarútvistarsvæði á borð við Heiðmörk, Kjarnaskóg og sambærileg svæði njóti lagalegrar verndar á forsendum skógræktar til yndis og útivistar.

Ályktunin var send til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.


ÚTGÁFUMÁL

Skógræktarritið

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2013 kom út í desember 2013 og 1. tbl. 2014 kom út í júní á þessu ári. Áskrifendur eru nú um 2000. Eldri árganga ritsins, frá upphafi og fram til ársins 2000, má nú skoða á heimasíðu félagsins. Skógræktarritið er nú með eigin síðu á Facebook.

Laufblaðið

Á tímabilinu komu út tvö tölublöð Laufblaðsins – í desember 2013 og mars 2014, á alþjóðlegum degi skóga. Rafræn tölublöð eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang. Efnt var til netfangaleiks meðal félagsmanna í tengslum við útsendingu félagsskírteina, til að hvetja félagsmenn til að skrá netfang sitt, og voru þeir vinningshafar dregnir út í maí.



Frækornið

Á starfsárinu kom út eitt eintak af fræðsluritinu Frækornið, en það fylgir nú Skógræktarritinu. Efni þess var Gísjun (nr. 32).



Tækifæriskort

Félagið gaf út kort með vatnslitamynd eftir Sigurpór Jakobsson. Þessi mynd prýðir einnig forsíðu 2. heftis Skógrættarritsins 2013.

Félagsskírteini skógrættarfélaganna

Prentuð voru félagsskírteini fyrir alla félagsmenn og þau send til skógrættarfélaganna. Leitað var til ýmissa fyrirtækja um afslátt á vörum og þjónustu. Að þessu sinni veittu tíu fyrirtæki félagsmönnum 4-15% afslátt gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: Garðheimar, Garðyrkjustöðin Kvistar, Gróðrarstöðin Barri, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, MHG Verslun, Náttthagi garðplöntustöð, Ormsson og Sólskógar.

Heimasíða

Félagið hélt úti heimasíðunni www.skog.is á tímabilinu. Á síðunni eru grunnupplýsingar um félagið og einstök skógrættarfélag. Birtar eru fréttir af starfi skógrættarfélaganna og helstu viðburðum tengdum skógum, auk þess sem birtar eru ýmsar fréttir sem varða skógrækt og þykja eiga erindi á síðuna. Félagið er einnig með síðu á Facebook. Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er tæplega 2.600 og fá þeir sendar tilkynningar um helstu viðburði og fréttir.

FRÆÐSLUSTARF

Félagið lagði sem fyrr áherslu á öflugt fræðslu- og leiðbeiningastarf fyrir almenning á tímabilinu. Haldin voru fjögur Opin hús á vormánuðum, í fundarsal Garðyrkjufélags Íslands og fjölluðu þau um skóga í Kaliforníu, skógrættarferð til Colorado 2013, skógrættarferð til Þýskalands 2012 og trjágróður og garða í Berlín. Fulltrúar félagsins mættu einnig í viðtöl um ýmis málefni tengd skógum og skógrækt og sátu fyrir svörum við ýmis tilefni.

Heimsóknir til skógrættarféлага

Fulltrúar félagsins heimsóttu nokkur aðildarfélag – Skógrættarfélag Akraness, Bíldudals, Breiðdæla, Eskifjarðar, Eyfirðinga, Mosfellsbæjar, Patreksfjarðar, Rangæinga, Reykjavíkur, Seyðisfjarðar, Siglufjarðar, Skáta við Úlfljótsvatn, Skilmannahrepps og Skagafjarðar, auk Skógrættarfélaganna Merkur og Landbótar. Stjórn félagsins heimsótti einnig skógrættarfélag á Suðurnesjum, þ.e. Skógrættarfélag Grindavíkur, Skógrættarfélag Suðurnesja og Skógrættarfélagið Skógfell.



Stjórn Skógrættarfélags Íslands í heimsókn hjá Skógrættarfélaginu Skógfelli (Mynd: BJ).

FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

Fagráðstefna skógargeirans

Skógrættarfélag Íslands var formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógargeirans sem haldin var á Selfossi. Meginþemað að þessu sinni var skógur og skipulag. Ráðstefnan tók þrjá daga og var vel sótt.

SKÓGRÆKTARSVÆÐI

Brynjudalur í Hvalfirði

Unnið var áfram að uppbyggingu jólatrjáaræktunar í Brynjudal. Unnið er að umhirðu og gróðursettir verða um 4.000 fjallapínir.

Úlfljótuvatn

Á þessu ári hefur sameignarfélagið Úlfljótuvatn sf. haldið allmarga fundi en í félaginu sitja tveir fulltrúar frá Skógræktarfélagi Íslands og tveir frá skátahreyfingunni. Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfljótuvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignarréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Efnt var til stefnumótunarvinnu þann 12. apríl sl. og tóku rúmlega þrjátíu manns þátt í þeirri vinnu. Unnið var í fjórum starfshópum en þessa vinnu og stefnumótunarvinnuna leiddi Magnús Orri Schram, ráðgjafi hjá Capacent. Fyrirhugað er að vinna frekar úr niðurstöðum fundarins á hausti komandi. Þá hefur einnig farið mikil vinna í mál sem Starfsmannafélag Reykjavíkur hefur lagt fram gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur. Allar líkur eru á því að niðurstaða fái st í það mál á haustdögum.



Hrefna Einarsdóttir á vaktinni í jólaskóginum í Brynjudal, ásamt hressum jólasveini (Mynd: RF).

Endurnýjaður var samningur við Kapólsku kirkjuna á Íslandi um afnot og nýtingu fasteigna Skógræktarfélags Íslands á Úlfljótuvatni fyrir samfélag reglubræðra. Gert er ráð fyrir því að á næsta ári verði gengið verði frá langtímaleigusamningi.

UMSJÓN

Landgræðsluskógar

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, skrifuðu undir nýjan samning um Landgræðsluskóga þann 26. nóvember. Gildir hann til fimm ára og felur í sér 35 milljóna króna árlegt framlag til verkefnisins.

Samráðsnefnd um Landgræðsluskóga er Skógræktarfélagi Íslands til ráðgjafar um framkvæmd verkefnisins. Í nefndinni sitja Kristín Svavarsdóttir frá Landgræðslu ríkisins, Þróstur Eysteinnsson frá Skógrækt ríkisins, Björn Helgi Barkarson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu



Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, og Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, við undirskrift nýs samnings um Landgræðsluskóga (Mynd: RF).

og frá Skógræktarfélagi Íslands eru Einar Gunnarsson og Gísli Eiríksson, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Kolviður

Merkja má aukinn áhuga fyrir kolefnisjöfnun meðal fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum og aukast viðskiptin hægt og sígandi. Í ár verður aðkoma að fyrsta Kolviðarskóginum, sem er á Geitasandi á Rangárvöllum, bætt og sett upp upplýsingaskilti og fánastangir. Nú má heita full gróðursett í landið en unnið er að endurgróðursetningu og umhirðu. Unnið er að samningi um fjármögnun Kolviðar á skógrækt í landi Skógræktarfélags Íslands og skátaheyfingarinnar á Úlfjótuvatni.



Fulltrúar Finnlands á norrænni ráðstefnu um skóga og skógasögu gróðursetja reynitré í Vinaskógi á Þingvöllum, en fulltrúar hverra þjóðar sem þátt tók í ráðstefnunni settu niður tré (Mynd: RF).

Opinn skógur

Unnið hefur verið að almennu viðhaldi í öllum skógunum. Völvuskógur að Skógum undir Eyjafjöllum var formlega opnaður sem Opinn skógur þann 15. september 2013. Hópur sjálfbóðaliða vann þar í tvo daga í sumar við lagfæringar og eftirhreytur. Einnig var afhjúpaður heiðursvarði um Jón Jósep Jóhannesson, kennara við Skógaskóla og skógræktarfrömuð í Völvuskógi. Fyrstu nemendur Jóns og Skógaskóla gáfu steininn en Skógræktarfélag Íslands sá um uppsetningu hans. Í Skarðdal á Siglufirði var unnið með sjálfbóðaliðum frá SEEDS að opnun skógarins þar og er stefnt að opnun næsta sumar.

Vinaskógur á Þingvöllum

Unnið var að viðhaldi á girðingu og aðkomu. Þátttakendur á norrænni ráðstefnu um skóga og skógasögu (*Nordisk Skogshistorisk Konferanse*) gróðursettu í Vinaskógi í september. Nú er orðið brynt að endurnýja gönguhlið sem er orðið fúíð.

Tré ársins 2013

Tré ársins 2013 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn 18. ágúst 2013. Að þessu sinni var um alaskaösp (*Populus balsamifera* ssp. *trichocarpa*) að ræða, er stendur í garðinum á Freyshólum á Völlum. Utnefningin var tileinkuð áttatræðisafmæli bræðranna Baldurs og Braga Jónssona frá Freyshólum og afhenti Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, þeim viðurkenningaraskjal af þessu tilefni.



Bræðurnir Baldur og Bragi Jónssynir taka við viðurkenningu fyrir Tré ársins 2013 úr hendi Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands (Mynd: BJ).

Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins

Framkvæmdir á vegum Yrkjusjóðs hafa gengið með venjubundnum hætti og þátttaka skóla er álíka mikil og undanfarin ár, eða rúmlega 100 skólar. Skógræktarfélag Íslands hefur annast rekstur Yrkju og situr framkvæmdastjóri félagsins alla

stjórnarfundu. Stjórn Yrkjusjóðsins er þannig skipuð: Sigurður Pálsson formaður, Helena Óladóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Magnús Gunnarsson, fulltrúi Skógræktarfélag Íslands, Jón Loftsson, fulltrúi Skógræktar ríkisins, Fjóla Höskuldsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands og Þorbjörg Sæmundsdóttir, fulltrúi íslenskrar æsku.



Red Mountain Pass, einn af þeim stöðum sem skoðaðir voru í fræðsluferð Skógræktarfélag Íslands til Colorado árið 2013 (Mynd: RF).

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu er í vörslu Skógræktarfélag Íslands en sjóðurinn mun veita skógræktarfélagum sem hafa starfsemi í Húnavatnssýslum styrki til verkefna. Skógræktarfélag A-Húnavetninga fer með umsjón á jörðinni Fjósum í Svartárdal og Skógræktarfélag V-Húnavetninga fer með umsjón jarðarinnar Saura í Miðfirði.

Skógræktarstarf

Landsvirkjunar við Búrfell

Starfsmaður Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár haft faglega umsjón með framkvæmdum

á skógræktarsvæði Landsvirkjunar við Búrfell. Til stendur að kortleggja á ný svæðið og uppfæra samantekt á stöðu skóggræðslu við Búrfell. Einnig er unnið að samningi um nýtt land.

ERLEND SAMSKIPTI

European Forest Network

Ragnhildur Freysteinsdóttir sótti fund samtakanna í Skotlandi í maí, fyrir hönd Skógræktarfélag Íslands, en fundurinn var haldinn í tengslum við árlegan aðalfund Skoska skógræktarfélag Íslands, sem var gestgjafi fundarins. Auk fulltrúa heimamanna voru fulltrúar frá Austurríki, Eistlandi, Finnlandi, Litháen og Þýskalandi. Heimasíða samtakanna er: <http://www.forestrysocieties.eu/>

Fræðsluferðir

Colorado 2013

Rúmlega fimmtíu manns fóru í kynnisferð skógræktaráhugafólks til Colorado í Bandaríkjunum dagana 26. september til 6. október 2013. Ferðin var skipulögð í samráði við Þórarinn Benedikt skógfræðing, sem var skógfræðilegur leiðsögumaður í ferðinni. Fararstjóri fyrir hönd Skógræktarfélag Íslands var Brynjólfur Jónsson og Kristján Baldursson, ferðaskrifstofunni Trex, sá um túlkun á mótum Þórarni og almennt utanumhald, með aðstoð frá Hrefnu Einarsdóttur, Skógræktarfélagi Íslands.

Noregur 2014

Fyrirhuguð er ferð til Noregs, nánar til tekið til Sogns og fjarðanna, dagana 30. ágúst til 5. september. Hópur frá Skógræktarfélaginu í Sogni og fjörðunum kom hingað til lands árið 2012



Þátttakendur á fundi European Forest Network aðstoða við trjásmælingu í útivistarskóginum við Randolph's Leap í Skotlandi (Mynd: RF).

og naut leiðsagnar Einars Gunnarssonar. Fékk Skógræktarfélag Íslands í kjölfarið heimboð frá félaginu, til að endurgjalda greiðann.

Heimsóknir Hochschule für Forstwirtschaft - Rottenburg

Dagana 29. maí til 5. júní var hópur frá Skógræktarháskólanum í Rottenburg (*Hochschule für Forstwirtschaft - Rottenburg*) í heimsókn hér á landi. Var þar um tæplega fjörutíu manna hóp nemenda og kennara að ræða. Skógræktarfélag Íslands var þeim innan handar við skipulagningu ferðarinnar, auk þess sem Ragnhildur Freysteinsdóttir fylgdi þeim einn dag.



Böðvar Guðmundsson segir nemum frá Skógræktarháskólanum í Rottenburg frá ræktun á Snæfoksstöðum, skógi Skógræktarfélags Árnesinga (Mynd: RF).

ÝMIS VERKEFNI

Skógræktarfélag Íslands fæst við margvísleg verkefni. Eitt helsta verkefni starfsfólks félagsins er margháttað samstarf og samskipti við einstök aðildarfélög, en auk þess er algengt að almenningur leiti til félagsins um hvaðeina er lýtur að gróðri, trjám og skógrækt. Meðal annarra fastra verkefna félagsins má telja til söfnun tölulegra upplýsinga um skógræktarstarfið í landinu, en niðurstöður þeirra eru birtar árvisst í Skógræktarritinu.

Samstarfsaðilar

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og félagasamtök, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega til telja Skógrækt ríkisins, en starfsmenn þar hafa meðal annars skrifað góðar greinar fyrir Skógræktarritið og Landgræðslu ríkisins.



Stjórn Landgræðslusjóðs. F.v. Guðbrandur Brynjúlfsson, Magnús Gunnarsson, Þuríður Yngvadóttir, Sveinn Runólfsson og Jón Loftsson (Mynd: RF).

Landgræðslusjóður

Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands í stjórn Landgræðslusjóðs voru á árinu Guðbrandur Brynjúlfsson, sem var formaður sjóðsins, Magnús Gunnarsson og Þuríður Yngvadóttir. Þá sitja einnig í stjórn sjóðsins Jón Loftsson skógræktarstjóri og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. Úthlutað var 6,47 milljónum kr. úr sjóðnum í ár. Að öðru leyti vísast til skýrslu sjóðsins.

Fagráð skógræktar

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði fagráð skógræktar í október síðastliðinn. Fagráðinu er ætlað að fjalla um áherslur og stefnumörkun í skógræktarránnsóknnum, fara yfir og samþykkja verkefnaáætlun Ránnsóknastöðvarinnar á Mógilsá til hvers

árs, samræmingu skógræktarstarfsins, skipulag fræðlunar, stefnumörkun hvað varðar úrvinnslu skógarafurða og önnur mál sem ráðherra kann að fela fagráðinu. Fulltrúi Skógræktarfélags Íslands í ráðinu er Ragnhildur Freysteinsdóttir.

Umsagnir

Stjórn Skógræktarfélag Íslands sendi þann 26. september 2013 umsögn og yfirlýsingu til fjölmiðla þar sem fagnað var ákvörðun umhverfisráðherra að afturkalla náttúruverndarlög sem áttu að taka gildi á þessu ári. Í henni segir m.a. „Skógræktarfélag Íslands telur í ljósi þeirra miklu gagnrýni sem kom fram á frumvarpið þar sem hátt í 200 umsagnir komu fram að nauðsynlegt sé að endurskoða þau frá grunni. Náttúruvernd á Íslandi er mikilvæg. Það er hins vegar nauðsynlegt að um þann lagaramma sem lagður er til grundvallar ríki almenn sátt og þau hafi víðtæka skírskotun í samfélagi hvers tíma“.

Skógræktarfélag Íslands sendi umsögn þann 28. janúar 2014 um þingsályktun Atvinnuveganefndar Alþingis um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu, þingskjal 273 - 211. mál.

Félagið lagði fram umsögn þann 30. apríl 2014 um *Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum*.

Þann 2. maí 2014 sendi félagið umsögn vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna stækkunar akstursípróttasvæðis og nýs skotsvæðis vestan Bjarga á Reyðarfirði ásamt deiliskipulagstillögu. Fyrirhugað svæði er á samningsbundnu Landgræðsluskógasvæði.



Minnismerki um Agner F. Kofoed-Hansen, fyrsta skógræktarstjóra landsins, afhjúpað. Skógræktarfélag Íslands, í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins, stóð að gerð minnisvarðans (Mynd: BJ).



Sjálfbóðaliðar

Félagið var með hópa sjálfbóðaliða frá SEEDS-samtökunum í vinnu yfir sumarið og unnu þeir að ýmsum verkum.

Minnisvarði um Jón Jósep Jóhannesson í Völvuskógi afhjúpaður. Sjálfbóðaliðar á vegum SEEDS unnu töluvert að uppbyggingu í Völvuskógi í aðdraganda opunar hans sem Opins skógar árið 2013 og að eftirhreytum nú í sumar (Mynd: EG).

STUÐNINGSADILAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa, eins og undanfarin ár, lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna Arion banka, Eimskip, Odda, Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur, Skeljung og Toyota á Íslandi.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.

Reykjavík, ágúst 2014,
f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,



Magnús Gunnarsson formaður

Skógræktarfélag Íslands

Ársreikningur
2013

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6
105 Reykjavík
Kt. 600269-3809

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	8
Bundnir sjóðir	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnenda

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2013 að fjárhæð 1,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 113,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. maí 2014.

Í stjórn félagsins

Magnús Guðmundsson
Lútor. Þryggjúlfrón
Þuríður Guðrún
Sigrún Júlía Björnsdóttir
Páll Þorgeir Kristjánsson
Sigrún H. Heiðmannsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Þryggjúlfrón

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreiknings Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 2013 í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Skógræktarfélags Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Við höfum fylgt settum siðareglum, þar með talið hvað varðar heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda Skógræktarfélags Íslands.

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.


Reykjavík, 26.3. 2014.

KPMG ehf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Skógræktarfélags Íslands höfum yfirfarið ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 12-6 2014.



Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur:			
Styrkir og aðrar tekjur	5	9.842.340	14.118.604
70% framlag frá bundnum sjóðum	6	6.561.710	0
Sérgreind verkefni	7	8.364.125	8.535.486
Styrkur frá Ríkissjóði		7.000.000	6.700.000
Árgjöld		1.404.000	1.442.000
		33.172.175	30.796.090
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	8	21.308.846	22.911.433
Annar rekstrarkostnaður	9	9.841.419	13.071.328
Afskriftir	2,10	1.212.123	1.814.287
		32.362.388	37.797.048
Rekstrartap		809.787	(7.000.958)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		2.779.342	2.747.327
Vaxtagjöld og verðbætur		(4.980.914)	(107.748)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(275.406)	(466.479)
		(2.476.978)	2.173.100
Tap ársins	11	(1.667.191)	(4.827.858)

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	2013	2012
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir			180.832.959	180.187.294
Bifreið og kerra			280.345	280.345
Áhöld og tæki			1.095.583	1.420.138
			<u>182.208.887</u>	<u>181.887.777</u>
Áhættufjármunir:				
Eignarhlutir í öðrum félögum			100.000	0
Skuldabréfaeign			0	17.500.000
			<u>100.000</u>	<u>17.500.000</u>
	Fastafjármunir	2,10	<u>182.308.887</u>	<u>199.387.777</u>
Veltufjármunir:				
Skammtímaeröfur:				
Viðskiptakeröfur	3		14.457.521	14.491.053
Aðrar skammtímaeröfur			2.542.412	886.386
Útistandandi hjá bundnum sjóðum	6		6.668.062	106.352
Útistandandi vegna fasteignakaupa			0	0
Handbært fé	4		9.660.861	38.878.118
	Veltufjármunir		<u>33.328.856</u>	<u>54.361.909</u>
	Eignir samtals		<u>215.637.743</u>	<u>253.749.686</u>

31. desember 2013

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2013	2012
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		113.558.904	115.226.095
Eigið fé	11	<u>113.558.904</u>	<u>115.226.095</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	19	<u>66.468.750</u>	<u>87.500.000</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		2.811.227	0
Viðskiptaskuldir		5.299.315	4.025.541
Styrkur vegna Landgræðsluskóga	12	2.879.717	2.988.146
Styrkur vegna atvinnuátaks	13		13.473.000
Ógreidd útborgun vegna Úlfjótswatns		18.750.000	18.750.000
Ógreiddir áfallnir vextir langtímalána		0	4.375.000
Aðrar skammtímaskuldir		5.869.830	7.411.904
		<u>35.610.089</u>	<u>51.023.591</u>
Skuldir samtals		<u>102.078.839</u>	<u>138.523.591</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>215.637.743</u>	<u>253.749.686</u>

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Hækkun verðbréfasafns.....		12.818.090	3.923.844
Fjármagnstekjuskattur vegna sjóða	(78.324)	(2.167.102)
Vaxtatekjur og verðbætur á bundna sjóði		6.558	11.551
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(1.312)	(1.885)
Framlag til Skógræktarfélags Íslands	6	(6.561.710)	0
Fjármagnstekjuskattur af söluhagnaði hlutabréfa		(146.392)	
	14-18	<u>6.036.910</u>	<u>1.766.408</u>
Hagnaður ársins		<u>6.036.910</u>	<u>1.766.408</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir			
	Skýr.	2013	2012
Fastafjármunir:			
Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsson	14	35.668.961	30.708.491
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	15	17.747.446	15.315.419
Sjóður Ármanns Jónssonar	16	13.591.671	11.701.476
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	17	20.459.876	17.614.539
Fræðslusjóður	18	4.436.494	3.819.509
		<u>91.904.448</u>	<u>79.159.434</u>
Eignir samtals		<u>91.904.448</u>	<u>79.159.434</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		85.089.992	79.053.082
Eigið fé samtals		<u>85.089.992</u>	<u>79.053.082</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur		146.394	
Ógreitt framlag til Skógræktafélag Íslands	6	6.668.062	106.352
Skuldir samtals		<u>6.814.456</u>	<u>106.352</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>91.904.448</u>	<u>79.159.434</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Skógræktarfélags Íslands er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

3. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður um 1,0 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi. Á árinu var gjaldfært 356 þús. kr. vegna afskrifaðra tapaðra krafna.

4. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

5. Tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:

	2013	2012
Gjafir og styrkir	796.426	3.446.292
Framlag frá Yrkjusjóð vegna umsjónar	1.100.000	1.100.000
Framlag vegna Landgræðsluskóga	2.760.000	3.500.000
Framlag vegna Kolefnissjóðs	650.000	500.000
Framlag vegna sjóðaumsjónar	300.000	300.000
Húsaleigutekjur	818.020	785.520
Skipulagsvinna / grisjun	90.000	0
Endurgreiddur kostnaður	1.013.956	2.719.436
Embla II	(257.370)	(252.644)
Gróðrastöð Akraness	0	20.000
Hópfærðir	500.000	0
Atvinnuleysisbætur vegna verkefna	2.071.308	2.000.000
	<u>9.842.340</u>	<u>14.118.604</u>

6. Framlag frá bundnum sjóðum greinist þannig:

Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsonar	2.683.586	
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	1.316.520	
Sjóður Ármanns G. Jónssonar	1.022.712	
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	1.538.892	
Fræðslusjóður	333.553	
	<u>6.895.263</u>	<u>0</u>
70% raunávöxtun. Til ráðstöfunar til eflingar skógræktar á Íslandi	6.895.263	
30% raunávöxtun. Til hækkunar á bundnum sjóðum	2.955.113	
Breyting verðbóta á árinu hækkun	2.894.636	1.756.744
Nafnávöxtun bundinna sjóða á árinu	<u>12.745.012</u>	<u>1.756.744</u>

Skýringar frh:

7. Sérgreind verkefni

Sundurlíðun vegna verkefna greinist þannig:

	2013	2012
Útgáfustarfsemi:		
Ársrit, bækur og smárit	11.139.419	9.982.098
Styrktarlínur	3.651.000	3.977.493
Auglýsingar	2.294.500	2.894.000
Launakostnaður	(3.000.000)	(3.500.000)
Annar kostnaður við útgáfu	(8.046.733)	(8.491.199)
	<u>6.038.186</u>	<u>4.862.392</u>
Opinn skógur:		
Styrkir	8.568.893	6.000.000
Launakostnaður	(6.000.000)	(1.600.000)
Úthlutað til félaga	0	(2.000.000)
Annar rekstrarkostnaður	(3.485.758)	(1.937.891)
	<u>(916.865)</u>	<u>462.109</u>
Brynjudalur:		
Sala	2.766.290	3.969.831
Aðrar tekjur	202.373	330.720
Styrkir	3.480.000	4.398.772
Launakostnaður	(2.000.000)	(3.000.000)
Annar rekstrarkostnaður	(1.456.701)	(2.402.797)
	<u>2.991.962</u>	<u>3.296.526</u>
Vinaskógur:		
Annar rekstrarkostnaður	(317.460)	(258.381)
	<u>(317.460)</u>	<u>(258.381)</u>
Jólatrésala:		
Sala	0	625.371
Aðrar tekjur	0	0
Launakostnaður	0	(140.000)
Annar rekstrarkostnaður	0	(218.754)
	<u>0</u>	<u>266.617</u>
Úlfjótuvatn		
Tekjur	2.135.854	200.000
Húsnæðiskostnaður	(449.508)	(249.527)
Annar rekstrarkostnaður	(1.118.044)	(44.250)
	<u>568.302</u>	<u>(93.777)</u>
Atvinnuátak:		
Aðföng vegna atvinnuátaks	(6.865.493)	(30.638.542)
Keyptar vörur og þjónusta	(885.033)	(4.091.305)
Skipulagsvinna og umsjón	0	(2.000.000)
Launakostnaður Skógræktarfélag Íslands	(5.722.474)	(9.437.908)
Annar kostnaður	0	(15.244)
Fært á ónýttan styrk vegna atvinnuátaks	13.473.000	46.182.999
	<u>0</u>	<u>0</u>
Sérgreind verkefni samtals	<u>8.364.125</u>	<u>8.535.486</u>

Skýringar frh:

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2013	2012
Laun	32.865.279	31.467.289
Ökutækjastyrkur	1.822.181	1.954.046
Lífeyrissjóðsframlag	3.965.110	3.676.922
Tryggingagjald	2.972.385	3.209.002
Áunnið orlof starfsmanna, breyting	(908.411)	900.000
Önnur launatengd gjöld	914.776	664.260
Laun færð á sérgreind verkefni	(20.322.474)	(21.862.000)
	<u>21.308.846</u>	<u>20.009.519</u>

9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2013	2012
Húsnæðiskostnaður	1.289.135	1.263.137
Skrifstofukostnaður	54.901	223.570
Sími og burðargjöld	611.124	670.208
Tryggingar	20.960	42.073
Auglýsingar	0	101.823
Bankakostnaður vegna innheimtu o.fl.	65.905	62.273
Gjafir, styrkir og risna	205.760	149.075
Kaffistofa og starfsmannatengdur kostnaður	51.178	79.306
Fundakostnaður	1.335.280	2.882.235
Ferðakostnaður	23.339	549.115
Námskeið og fyrirlestrar	9.000	187.050
Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalda	254.659	365.627
Rekstur bifreiða	3.036.133	2.095.417
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	1.311.726	1.412.503
Tölvukostnaður	1.065.290	1.228.431
Afskrifaðar kröfur	159.365	181.927
Kostnaður vegna Esjuhlíða	105.752	12.764
Alcoa verkefni	0	1.002.450
Kostnaður við skipulagsvinnu	0	380.351
Annar kostnaður	440.167	462.883
Hluti innskatts vegna blandaðrar starfsemi	(198.255)	(280.890)
	<u>9.841.419</u>	<u>13.071.328</u>

10. Varanlegir rekstarfjármunir:

Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreið og kerra	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2013	183.962.512	2.803.447	10.955.827	197.721.786
Afskrifað áður	(3.775.218)	(2.523.102)	(9.535.689)	(15.834.009)
Bókfært verð 31.12.2013	180.187.294	280.345	1.420.138	181.887.777
Viðbót á árinu	1.533.233	0	0	1.533.233
Afskrifað á árinu	(887.568)	0	(324.555)	(1.212.123)
Bókfært verð 31.12.2013	<u>180.832.959</u>	<u>280.345</u>	<u>1.095.583</u>	<u>182.208.887</u>
Heildarverð 31.12.2013	185.495.745	2.803.447	10.955.827	199.255.019
Afskrifað samtals 31.12.2013	(4.662.786)	(2.523.102)	(9.860.244)	(17.046.132)
Bókfært verð 31.12.2013	<u>180.832.959</u>	<u>280.345</u>	<u>1.095.583</u>	<u>182.208.887</u>
Afskriftarhlutföll	2%	15%	10-20%	
Áætlaður nýtingartími	50 ár	7 ár	5-10 ár	

Skýringar frh:

10. Varanlegir rekstarfjármunir, frh.:

Fasteignir sundurliðun:	Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabótamat
Skúlatún 6, Reykjavík	10.747.098	14.190.000	22.100.000
Saurar, jörð og ræktað land	259.960	712.000	0
Saurar, vélageymsla og votheysturn	265.320	178.000	2.640.000
Saurar, Miðfjarðará - veiðihlunnindi	2.757.000	4.480.000	0
Saurar, einbýli	1.186.570	4.670.000	17.550.000
Brynjudalur	8.587.028	0	0
Sandey - Þingvallasveit	14.578	0	0
Kvíar í Jökulfjörðum	57.474	0	0
Úlfjótuvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi	156.137.896	0	0
	<u>180.012.924</u>	<u>24.230.000</u>	<u>42.290.000</u>

Skógræktarfélag Íslands hefur gert samning við Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu um umsjón, ræktun og rekstur á jörð sinni að Saurum í Miðfirði. Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu fer með atkvæði Saura í Veiðifélagi Miðfjarðará og fer með ráðstöfun á arði af Miðfjarðará svo og öðrum tekjum sem til jarðarinnar kunna að renna. Á móti kemur að Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu stendur skil á sköttum og skyldum af jörðinni og fasteignum á henni.

Skógræktarfélag Íslands hefur gert leigusamning við Landbúnaðarráðuneytið um að félagið leigi hluta úr jörðinni Kárástöðum í Þingvallahreppi til ársins 2065, án endurgjalds, nánar tiltekið svæði undir Vinaskóg. Að samningstíma liðnum hefur Skógræktarfélag Íslands forleigurétt að landssvæðinu.

11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 31.12.2012.	115.226.095
Tap ársins	(1.667.191)
Eigið fé 31.12.2013	<u>113.558.904</u>

12. Ónýttur styrkur vegna Landgræðsluskóga

Ónýttur styrkur 1.1.2013	2.988.146
Styrkur frá ríkissjóði	27.600.000
Umsjón Skógræktarfélags Íslands vegna Landgræðsluskóga	(2.760.000)
Launakostnaður Skógræktarfélags Íslands	(3.500.000)
Plöntukaup	(21.089.363)
Annar kostnaður	(359.066)
Ónýttur styrkur 31.12.2013	<u>2.879.717</u>

13. Ónýttur styrkur vegna atvinnuátaks

Ónýttur styrkur 1.1.2013	13.473.000
Útlagður kostnaður vegna átaksverkefnis	(7.750.526)
Greidd laun til Skógræktarfélags Íslands vegna átaksverkefnis	(5.722.474)
Ónýttur styrkur 31.12.2013	<u>0</u>

14. Bundnir sjóðir

Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar:

Yfirlit um sjóð Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar:	2013	2012
Staða 1.1.2013	30.708.496	34.146.861
Úttekt vegna fyrra árs	0	(4.165.820)
Hækkun verðbréfasafns	4.960.465	727.455
Staða 31.12.2013	<u>35.668.961</u>	<u>30.708.496</u>

Skýringar frh:

14. Bundnir sjóðir, frh.:

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2013 hefur verið reiknuð og er hún kr. 3.833.385. Til ráðstöfunar vegna ársins 2013 er því kr. 2.683.586. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2013.

Í desember árið 2011 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í fasteignum og landi við Úlfliótsvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi fyrir 150 millj. kr. Vegna fjárfestingarinnar voru teknar 87,5 millj. kr. út úr sjóðnum til að fjármagna kaupin. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 94,8 millj. kr. í árslok 2013.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	35.668.961	30.708.496
---------------------	------------	------------

15. Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar:

Yfirlit um sjóð Aðalsteins Kristjánssonar:

	2013	2012
Staða 1.1.2013	15.315.411	15.501.692
Úttekt vegna fyrra árs	0	(510.312)
Hækkun verðbréfasafns	2.426.789	324.031
Vextir og verðbætur ársins	6.558	0
Fjármagnstekjuskattur	(1.312)	0
Staða 31.12.2013	17.747.446	15.315.411

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2013 hefur verið reiknuð og er hún kr. 1.880.638. Til ráðstöfunar vegna ársins 2013 er því kr. 1.316.520. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2013.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

	2013	2012
Verðbréfasafn	17.450.186	15.023.405
Inneign hjá Skógræktarfélagi Íslands	200.000	200.000
Innstæða á sparisjóðsbók	97.260	92.014
	17.747.446	15.315.419

16. Sjóður Ármanns G. Jónssonar:

Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar:

	2013	2012
Staða 1.1.2013	11.701.484	11.539.323
Úttekt vegna fyrra árs	0	(92.857)
Hækkun verðbréfasafns	1.890.187	246.014
Vextir og verðbætur ársins	0	10.805
Fjármagnstekjuskattur	0	(1.801)
Staða 31.12.2013	13.591.671	11.701.484

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2013 hefur verið reiknuð og er hún kr. 1.460.713. Til ráðstöfunar vegna ársins 2013 er því kr. 1.022.712. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2013.

Skýringar frh:

- 16.** Sjóður Ármanns G. Jónssonar, frh.:
Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Í febrúar árið 2005 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í húseign að Skúlatúni 6 í Rvk., fyrir 11,5 millj. kr. og voru kaupin fjármöggnuð að mestu með úttekt úr sjóðnum. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 20,1 millj. kr. í árslok 2013.

Eignir sjóðsins greinast þannig:	2013	2012
Verðbréfasafn	13.591.671	11.701.484
	<u>13.591.671</u>	<u>11.701.484</u>

- 17.** Sjóður Andrésar Gunnarssonar:
Yfirlit um sjóð Andrésar Gunnarssonar:

	2013	2012
Staða 1.1.2013	17.614.531	17.816.457
Úttekt vegna fyrra árs	0 (582.159)	
Hækkun verðbréfasafns	2.845.345	379.571
Vextir og verðbætur ársins	0	746
Fjármagnstekjuskattur	0 (84)	
Staða 31.12.2013	<u>20.459.876</u>	<u>17.614.531</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2013 hefur verið reiknuð og er hún kr. 2.198.847. Til ráðstöfunar vegna ársins 2013 er því kr. 1.538.892. Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2013.

Eignir sjóðsins greinast þannig:	2013	2012
Verðbréfasafn	20.459.876	17.614.539
	<u>20.459.876</u>	<u>17.614.539</u>

- 18.** Fræðslusjóður:
Yfirlit um Fræðslusjóð:

	2013	2012
Staða 1.1.2013	3.819.513	3.739.841
Hækkun verðbréfasafns	616.981	79.672
Staða 31.12.2013	<u>4.436.494</u>	<u>3.819.513</u>

Fræðslusjóður var stofnaður 25.ágúst 2000 með lofordi um fjárframlög frá Skógræktarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins er heimilt að verja 70% af raunávöxtun sjóðsins til að styrkja unga námsmenn til framhaldsmenntunar í skógræðum auk þess að veita einstaklingum styrki til skógræktarrannsókna.

Eignir sjóðsins greinast þannig:	2013	2012
Verðbréfasafn	4.436.494	3.819.513

Skýringar frh:

19. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru tilkomnar vegna kaupa félagsins á Úlfjótuvatni í Grímsnes- og Grafningshreppi af Orkuveitu Reykjavíkur. Gefið var út skuldabréf til 25 ára sem ber 5% vexti og er óverðtryggt. Skuldabréfið ber vexti frá 1. janúar 2012 og gjalddagi fyrstu afborgunar er 1. janúar 2013.

Yfirlit um langtímaskuldir:	2013	2012
Óverðtryggt lán frá Landgræðslusjóði, fastir vextir 5,0%	66.468.750	87.500.000
Næsta árs afborganir	3.500.000	0
Langtímaskuldir samtals	<u>62.968.750</u>	<u>87.500.000</u>
Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2014	3.500.000	3.500.000
Árið 2015	3.500.000	3.500.000
Árið 2016	3.500.000	3.500.000
Síðar	52.468.750	77.000.000
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>66.468.750</u>	<u>87.500.000</u>

20. Lykiltölur:	2013	2012
Veltufjórhlutfall - Veltufjármunir / skammtímaskuldir	0,9	1,1
Eiginfjórhlutfall - Heildareignir / eigið fé	0,5	0,5

A close-up photograph of a tree branch, likely a birch, showing several bright green, serrated leaves and several dark, textured catkins (inflorescences) attached to the branch. The background is a soft-focus green, suggesting a forest setting.

Skógræktarfélag Íslands
Pórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Netfang: skog@skog.is
Veffang: www.skog.is